

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi Skriðufells í Þjórsárdal.*
Í breytingunni felst að byggingarreitir fyrir vélageymslu við bækistöð Skógræktar ríkisins færast þannig að hann verði vestan bækistöðvar í stað þess að vera austan megin við. Þá minnkar reiturinn úr 600 m² í 240 m² sem jafnframt verður hámarksstærð vélageymslunnar. Samþykkt í sveitarstjórn 5. mars 2013.
2. *Deiliskipulag í landi Húsatófta 2.*
Í deiliskipulaginu felst að heimilt verður að byggja íbúðarhús með sambyggðum, eða stökum, bílskúr. Heildarbyggingarmagn innan byggingarreitsins er 300 m². Á lóðinni er hluti af gömlum útihúsum og verður heimilt að stækka þau. Hámarksbyggingarmagn innan byggingarreits útihúsa er 800 m². Samþykkt í sveitarstjórn 7. maí 2013.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 26. júní 2013.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.
